

Nordjobb

www.nordjobb.net

Bæjarstjórn Garðabæjar
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt. dags.	12.03.2018
Málalýkill	13.13
Málar.	1803202

Reykjavík, 2. mars 2018

Efni: Nordjobb sumarstörf 2018


Nordjobb er samnorrænt verkefni sem útvegar ungu fólki á aldrinum 18-30 ára sumarvinnu og húsnæði á hinum Norðurlöndunum, ásamt því að skipuleggja fjölbreytta tómstunda- og menningardagskrá fyrir Nordjobbbara í hverju landi fyrir sig.

Fjöldi íslenskra ungmenna fær sumarvinnu á vegum Nordjobb ár hvert, en einnig hefur verið vinsælt meðal íslenskra atvinnurekenda að taka á móti hressum ungmennum frá hinum Norðurlöndunum.

Verkefnið hefur frá árinu 1985 greitt leiðina fyrir ríflega 20.000 ungmenni til að lifa og starfa í nágrannalöndum yfir sumartímann. Ungmennin öðlast þannig aukinn skilning á menningu frændþjóðanna og kynnast nýju tungumáli. Með því að ráða Nordjobbbara veitirðu ungu fólki einstakt tækifæri til að öðlast dýrmæta reynslu og víkka sjóndeildarhringinn.

Nordjobb þakkar Garðabæ þátttökuna í verkefninu sumarið 2017 og óskar hér með eftir því að bæjarfélagið taki aftur þátt í verkefninu og ráði Nordjobbbara til starfa sumarið 2018.

Virðingarfyllt,



Kristín Magnúsdóttir
Verkefnisstjóri Nordjobb á Íslandi
Norræna félaginu, Óðinsgötu 7, 101 Reykjavík
island@nordjobb.org – s. 551 0165

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026